

Hverfisráð Hríseyjar

104. fundur

Miðvikudaginn 14. desember 2016 kl 10:00 var haldinn 104. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

Fundargerð:

1. Aðstöðuhús á Árskógssandi

Að mati hverfisráðs er ekki búið að klára vinnuna við aðstöðuhúsið á Árskógssandi. Aðstöðuhúsið er vatnslaut, pappírslaut, og ekki búið að þrifa það síðan það var sett upp. Leggur hverfisráð því fram eftirfarandi spurningar hvað varðar aðstöðuhúsið:

Í umsjón hvers er húsið?

Hvenær verður húsið tekið í notkun?

2. Sjóvarnir

Frá hitaveituholu að hafnargarði og frá Stekkjarnefi að Búðartanga er varnargarðurinn farinn að síga. Að mati hverfisráðs er brýn nauðsýn að bæta garðinn til að koma í veg fyrir að mikið tjón verði í náinni framtíð.

3. Túnin í Hrísey

Nokkur óánægja ríkir meðal íbúa Hríseyjar vegna túnanna í Hrísey. Túnin eru ekki hirt og eru að breytast í móa. Hverfisráð leggur því fram spurningu hver stefnan hjá Akureyrarbæ sé í þessu samhengi, og hvort það eigi að hirða túnin í framtíð.

4. Vegrið við Hjallaveg

Að mati hverfisráðs vantar vegrið við Hjallaveg, til að koma í veg fyrir að stórslys verði við veginn. Pétur Ásgeir Steinþórsson tekur einnig fram að Hjallavegurinn sjálfur sé ónýtur og þarfnist viðhalds.

5. Önnur mál

Pétur Ásgeir Steinþórsson tekur fram að slyshætta sé við gatnamótin við búðina vegna brekkunnar, þá sérstaklega ef það er klaki í brekkunni og það blotnar á klakanum. Bendir hann á að möguleiki til að minnka slyshættuna væri að setja biðskyldu á Norðurveg.

Þorgeir Jónsson bendir á tvö svæði sem gætu hentað fyrir hundasvæði, annars vegar norðan megin við Hjallaveg eða sunnan megin við Hjallaveg.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:50.

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker